

Athafnasvæði við Heiðarveg

Tillaga að deiliskipulagi

Upplýsingar þessi er hluti af deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði við Heiðarveg í Vestmannaeyjum. Með upplýsingum fylgir greinargerð og skilmálar dags. 20. apríl 2020.

Útdráttur úr greinargerð:

Milli Strandvegur, Heiðarvegur, Faxastígs og Flata er athafnasvæði með fjölbreytta starfsemi. Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem athafnasvæði (AT-1) og miðsvæði (M-1). Svæðið er að mestu fullbyggt en lóðarhafar hafa sumir hverjir hug á byggja við núverandi byggingar. Til stendur að bæta aðstöðu fyrir slökkvístöð bæjarins við Heiðarveg 14 og voru byggingaráform fyrir lóðina grenndarkynnt og samþykkt haustið 2019.

Megintilgangur með gerð deiliskipulagsins er að styrkja atvinnustarfsemi í bænum með því að skilgreina nýja byggingarreiti fyrir nýbyggingar og/eða viðbyggingar fyrir aukna athafnastarfsemi á svæðinu.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Heiðarvegi til austurs, Norðursundi og aðliggjandi deiliskipulagsmörkum til norðurs, Flötum og lóðamörkum Heiðarvegur 14 og Faxastígs 36 til vesturs og Faxastíg til suðurs. Deiliskipulagssvæðið er um 2,7 ha.

Innan svæðisins er fjölbreytt starfsemi s.s. sölskáli, tónlistarskóli, bakarí, verslun, náttúrugripasafn, timbursala, steypustöð, áhaldahús sveitarfélagsins og ýmis önnur starfsemi. Byggingar eru flestar á einni eða tveimur hæðum og húsagerð er fjölbreytt.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir athafnasvæði við Heiðarveg er í samræmi við aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035. Innan deiliskipulagssvæðisins eru tveir landnotkunarreitir, athafnasvæði AT-1 og miðsvæði M-1. Við norðurmörk deiliskipulagssvæðisins er hverfisverndarsvæðið HV-3 sem á við um yfirborð, útlit og form húsa í Norðursundi, en hverfisverndaða svæðið er utan þessa deiliskipulags.

Í tillögu að deiliskipulagi er tekið mið af markmiðum og verkefnum sem skilgreind eru í aðalskipulagi og unnið með þau í skilmálum deiliskipulagsins.


Í tillögu að deiliskipulagi eru settir fram almennir skilmálar sem gilda um svæðið allt og sérskilmálar um nýja byggingarreiti. Skilgreindir eru níu byggingarreitir fyrir viðbyggingar og/eða nýbyggingar. Almennir skilmálar gilda um allar lóðir, reiti og almenningsrými innan deiliskipulagssvæðisins. Til almenningsrýma teljast m.a. götur, gangstéttir, göngustígar sem og annað land í umsjón bæjarins. Í þeim tilvikum sem sérskilmálar vikja frá almennum skilmálum þá gilda sérskilmálar.



Núverandi staða svæðis í mkv. 1:1000




Tillaga að deiliskipulagi: Athafnasvæði við Heiðarveg í mkv. 1:1000




Skýringarmynd: Núverandi staða svæðis




Skýringarmynd: Nýir byggingarreitir



Skýringarmynd: Núverandi staða svæðis



Skýringarmynd: Nýir byggingarreitir



Skýringarmynd: Hluti aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035

Skýringar

- Mörk skipulags
- Mörk aðliggjandi skipulags
- Byggingarreitir
- Lóðamörk
- Núverandi byggingar
- Lóðastærðir
- 1-2H 100 m² Fjöldi hæða og hámarksbyggingarmagn
- Mörk miðsvæðis (M-1)
- Kvóð
- Bílastæði (til skýringar)
- Innkeyrsla inn á lóð (til skýringar)
- Inn- og útkeyrsluhúðir (til skýringar)

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyja þann _____.

Deiliskipulagið tók gildi með birtingu auglýsingar nr. _____ / _____ í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

f.h. Vestmannaeyjabæjar

Upplýsingar þessi er hluti af deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði við Heiðarveg í Vestmannaeyjum. Með upplýsingum fylgir greinargerð og skilmálar dags. 20. apríl 2020.



Athafnasvæði við Heiðarveg

Tillaga að deiliskipulagi

Dags.: 20. apríl 2020	Mælikvæði: 1:1000 @ A2	Útgáfunr.: A1386-020-U02
Teikn./Yfirfarið: ÞK/HB	Teikn.nr.: 1/1	